

## GJALDSKRÁ

### fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt nr. 845/2021 um meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð.

#### 2. gr.

Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Matvælastofnunar og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda og annarra búfjáreigenda með skráðan bústofn og komið í víðeigendi meðhöndlun. Farin verður ein ferð í viku að jafnaði.

#### 3. gr.

Gjald vegna hirðingu og eyðingar á dýrahæjum er innheimt af bújörðum, hestúsum og öðrum aðilum sem eru með skráðan bústofn og er árlega sem hér á eftir segir (miðað við hausttölur ár hvert, upplýsingar frá Matvælaráðuneyti). Eitt hross reiknast sem þrjár ær og einn nautgripur sem fimm ær.

a) Sauðfé<20	kr.	20.890
b) Sauðfé 21 – 40	kr.	59.460
c) Sauðfé 41 – 80	kr.	78.765
d) Sauðfé> 80	kr.	94.210

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 7. desember 2023 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð nr.100/2023

Búðardal, 3. janúar 2024

Björn Bjarki Þorsteinsson  
sveitarstjóri